



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Áætlun SA um afnám gjaldeyrishafta

Óásættanleg gjaldeyrishöft

Afnám gjaldeyrishafta er brýnasta viðfangsefnið í atvinnumálum Íslendinga. Gjalddeyrishöftin voru sett á með lögum 134/2008 en Seðlabankinn hafði þegar þann 10. október 2008 sent frá sér tilmæli um tímabundna temprun á útlæði gjalddeyriss. Síðan hafa höftin verið ýmist hert eða framlengd, nú síðast með lögum 17/2012, þar sem m.a. þrotabú gömlu bankanna voru færð undir lögin. Þá er nýtt frumvarp (mál 731/2012) til umfjöllunar á Alþingi þar sem heimildir eru rýmkaðar en refsingar þyngdar.

Gjalddeyrishöftunum er ætlað að verja gengi krónunnar þar sem óttast er að erlendir eigendur peningalegra eigna í íslenskum krónum vilji skipta þeim í stórum stíl á stuttum tíma fyrir erlenda gjaldmiðla. Gjalddeyrishöftin hafa í raun þveröfug áhrif þegar til lengri tíma er litið. Þau skapa stöðugan þrýsting til lækkunar á gengi krónunnar vegna þeirrar takmörkunar á framboði gjalddeyriss sem þau valda. Þannig skipta markaðsaðilar helst ekki erlendum gjaldmiðlum fyrir krónur nema til að greiða innlendan kostnað og afborganir af lánum eða til að kaupa eignir. Afrakstur íslenskra fyrirtækja í viðskiptum við erlenda aðila safnast smám saman fyrir í eignum í erlendum gjaldmiðlum og almenningur leitar allra leiða til að kaupa og safna gjalddeyri vegna ótta við gengisfall krónunnar. Þá fjölgar stöðugt krónueignum erlendra aðila vegna ávöxtunar á innlendum fjármagnsmarkaði.

Gjalddeyrishöftin og framkvæmd þeirra skapa margvísleg vandamál í atvinnulífinu. Aðgangur íslenskra fyrirtækja að erlendu fjármagni er takmarkaður. Aðilar sem koma með fjármagn inn í landið eftir undanþáguleiðum Seðlabankans fá ákveðið forskot umfram innlenda aðila í samkeppni á markaðnum. Framkvæmd gjalddeyrishaftanna þróast óhjákvæmilega í handstýrt kerfi mismununar og geðþóttaáákvæðana. Höftin skapa vantraust á íslensku atvinnulífi og stjórnvöldum, fæla erlenda fjárfesta frá landinu og takmarka vöxt innlendra fyrirtækja, m.a. á erlendum mörkuðum. Mesta tjón haftanna er því flestum hulið því það felst í fjárfestingum og vexti sem fara forgörðum. Þá veldur stöðug gengislækkun af völdum haftanna og meðfylgjandi verðbólga og launahækkunir því að samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja verður afleit.

Höftin þarf stöðugt að herða þar sem krónan er sniðgengin af markaðsaðilum og gengi hennar lækkar stöðugt. Síðasta herðing haftanna fólst í því að erlendum aðilum var ekki lengur heimilt að skipta innlendum verðbótatekjum í erlenda gjaldmiðla. Næstu skref verða hugsanlega að takmarka möguleika á að skipta vaxtatekjum og koma á skiptiskyldu útflytjenda á tekjur í erlendum gjaldmiðlum, sem þeir mega nú geyma á gjaldeyrisreikningum í íslenskum bönkum.

Núverandi áætlun Seðlabankans gengur út frá afnámi haftanna í ótímasettum og varfærnnum skrefum og með það að markmiði að afstýra falli krónunnar við afnám þeirra. Þessi áætlun er ótrúverðug og mun ekki skila tilætluðum árangri. Um það vitnar reynslan af gjaldeyrisútboðum bankans og fjárfestingarleiðinni. Þær fjárhæðir sem þar um ræðir eru aðeins lítið brot af þeim vanda sem til úrlausnar er.

Nauðsyn trúverðugar áætlunar

Lykilforsenda fyrir trúverðugri áætlun um afnám gjaldeyrishafta er að fylgja stífri, tímasettri áætlun þar sem tekin er áhætta á gengislækkun. Væntingar erlendu krónueigendanna um gengislækkun og þar með að eignir þeirra rýrni í erlendum gjaldmiðli eru meginhvati þess að þeir vilji selja þær tiltölulega hratt með afslætti. Því meira sem menn búast við að krónan falli þeim mun auðveldara og ódýrara verður að losa um innilokaðar krónueignir erlendra aðila.

Hugsanleg gengislækkun eykur verðbólgu og rýrir kaupmátt, en það verður að bera saman við áður nefnt tjón af völdum haftanna og þann kostnað sem leggst á þjóðarþúið sem felst í því að greiða erlendum aðilum út krónueignir sínar á hærra gengi en með þessari aðgerð, að því gefnu að höftin verði yfirhöfuð aflögð á komandi árum.

Þá þarf að hafa í huga að gengi krónunnar mun líklega réttast af á skömmum tíma ef það fellur við afnám gjaldeyrishaftanna. Ástæðan er sú að innilokaðar krónueignir erlendra aðila er einskíptisvandi og eftir að þessar eignir hafa verið seldar og keyptar mun gengi krónunnar ráðast fyrst og fremst af flæði inn- og útflutningsverðmæta og fjármagnshreyfingum (Gengið er út frá því að peningastefnan verði útfærð þannig að vaxtamunarviðskipti hefjist ekki að nýju).

Tímasetning

Alþingi samþykki lög um afnám gjaldeyrishafta í byrjun október 2012 sem taki gildi 1. janúar 2013. Þau feli í sér heimildir til kaupa innlendra aðila á aflandskrónum, útgáfu ríkisins á evruskuldabréfum í skiptum fyrir ríkistryggð skuldabréf í eigu erlendra aðila, heimildir banka til útgáfu evruskuldabréfa í skiptum fyrir innstæður í bönkunum, útgönguskatt og mótvægisáðgerðir.

Afnámsaðgerðir

Áður en höftin verða afnumin þurfa viðskipti með innilokaðar krónueignir erlendra aðila að vera að mestu afstaðin. Það dregur verulega úr líkunum á því að þrýstingur myndist á lækkun gengis krónunnar.

Afnámsaðgerðirnar felast í útgáfu ríkisskuldabréfa og bankabréfa í erlendri mynt, rýmkun heimilda innlendra aðila til kaupa á aflandskrónum, mótvægisáðgerðum fyrir skuldug heimili vegna hugsanlegs verðbólguþrýskots vegna lækkunar krónunnar og skattlagningu til þess að fjármagna slíkar mótaðgerðir.

Markaðsaðgerðir

1. Innlendum eigendum eigna í erlendum gjaldmiðlum verði heimilað að kaupa krónueignir erlendra aðila. Þessi viðskipti verði skráð sérstaklega af Seðlabanka Íslands og skattlögð með 2% - 5% veltuskatti. Gjalddeyrarviðskiptin fari fram á skráðu gengi Seðlabankans en eignirnar skipti um hendur með afslætti sem nemur t.d. hlutfallslegum mun á skráðu gengi og aflandsgengi. (Seðlabankinn þarf að veita undanþágu frá 13. gr. laga 87/1992 um gjalddeyrismál, sbr. 7. gr. laganna, til að heimila slík viðskipti.
2. Ríkissjóður gefi út skuldabréf í erlendum gjaldmiðlum til 10 – 20 ára sem verði skráð á skuldabréfamörkuðum og bjóði þau erlendum eigendum ríkisskuldabréfa í krónum. Miðað er við að íslensku ríkisskuldabréfin fái með fyrrgreindum afslætti og 2% - 5% veltuskattur verði lagður á viðskiptin.
3. Bönkunum verði heimilt að breyta innstæðum erlendra aðila í bundnar innstæður í erlendum gjaldmiðlum til 5 – 10 ára eða í skuldabréf í erlendum gjaldmiðlum til sambærilegs tíma með tilteknum afslætti af krónuinnstæðunum. Þessi viðskipti verði skattlögð með 2% - 5% veltuskatti.
4. Leitað verði samninga við slitastjórnir um að bú gömlu bankanna selji 75% af eignarhlutum sínum í nýju bönkunum gegn greiðslu í erlendum gjaldmiðlum.
5. Samningar verði gerðir milli stjórnvalda og lífeyrissjóða um að þeir fari sér hægt fyrst um sinn í fjárfestingum erlendis eða þar til traust jafnvægi hefur náðst á gjalddeyrismarkaði.

6. Eftir að frjáls gjaldeyrisviðskipti verða heimil á nýjan leik verði lagður á tímabundinn útgönguskattur á gjaldeyriskaup erlendra eigenda ríkistryggðra skuldabréfa og innstæðna sem nemi a.m.k. þeim hlutfallslega mun sem verður á skráðu gengi krónunnar og aflandsgengi hennar, til þess að tempra útlæði gjaldeyris. Hversu hár skatturinn þarf að vera og hve sá tími verður langur fer eftir því hversu vel tekst til að ná jafnvægi á gjaldeyrismarkaði. Ef vel tekst til er skatturinn óþarfur með öllu.

Mótvægisáðgerðir

Skuldug heimili verði varin gegn hækkun á greiðslum verðbóta af verðtryggðum lánum með sérstökum vaxtabótum sem fjármagnaðar verða með fyrrgreindum veltuskatti. („Sérstakar vaxtabætur vegna verðbólguþess af völdum tímabundinnar gengislækkunar í tengslum við afnám gjaldeyrishafta“). Vaxtabæturnar verði ákveðnar á grundvelli tekna og nettóeigna með svipuðum hætti og í vaxtabótakerfinu. Þau heimili sem verst eru sett ættu að geta fengið fullt framlag vegna hækkunar á greiðslum verðbóta og vaxta umfram tiltekna viðmiðun sem byggir á þeirri verðbólgu sem hvort eð er má gera ráð fyrir. Áðgerðin yrði í fyrstu umferð byggð á skattframtölum síðastliðins árs og lokauppgjör færri fram grundvelli skattframtals líðandi árs í ljósi hækkunar verðlags og launa.

Enska útgáfu af áætlun SA má finna á vef samtakanna: www.sa.is



Samtök atvinnulífsins eru heildarsamtök íslensks atvinnulífs. Skrifstofur samtakanna eru í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík. Aðildarfyrirtæki SA eru um tvö þúsund talsins og eru í fjölbreyttum rekstri. Innan SA er að finna jafnt einyrkja sem stærstu fyrirtæki landsins.

Hjá félagsmönnum SA starfar um helmingur launamanna á almenna vinnumarkaðnum á Íslandi - meira en 50.000 manns. Innan SA eru sjö aðildarfélög sem starfa á grundvelli atvinnugreina.